

# Skólaráðsfundur GRV

Kl. 11:00 mánudagur 8. jan 2018

**Mættir voru: Ingibjörg, Helga Jóhanna, Leó, Ingunn, Andrea, Sigurlína, Ásdís, Sindri, Ragnheiður, Bragi, Fríða Hrönn**

**Leyfi/veikir: Kolbrún Kjartansd., Hrefna Óskarsd., Daði Páls., Kristín Hartmannsd., (Aðalmenn og varamenn voru boðaðir)**

**Ritari: Ásdís Steinunn Tómasdóttir**

## **1. mál- Tillaga um breytt skipurit og stjórnun Grunnskóla Vestmannaeyja (sjá viðhengi)**

Afstaða skólaráðs er svo hljóðandi:

Í fyrstu virðist þetta góð hugmynd en... við viljum alls ekki að þetta verði á kostnað stoðkerfisins og við viljum ekki að einingin í GRV skaðist. Við veltum því fyrir okkur hvort þetta sé einhver “flýti redding”?

Miklar umræður voru í skólaráði um þetta mál. Við ræddum meðal annars hvort að hægt væri að bæta inn í stjórnendateymið eða styrkja stjórnendateymið á annan hátt. Það eru breyttar forsendur á t.d. flatri stjórnun og óskipulagi frá því Ráðrík vann að skýrslunni árið 2016. Í dag er meiri stöðuleiki í stjórnendateyminu í GRV. Við viljum alls ekki að breytingarnar verði á kostnað stoðkerfi skólans, það er of veikt fyrir.

Ráðið ræddi meðal annars að það að hafa einn skólastjóra á hvorri starfsstöð gæti minnkað álag á stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki. Það hljóti til dæmis að vera erfitt fyrir einn skólastjóra að vera á “milli húsa” og vera þar af leiðandi stjórnandi/faglegur leiðtogi og rekstrarstjóri í tveimur húsum. Aftur á móti höfum við áhyggjur af því að einingin í GRV skaðist við það að hafa tvo skólastjóra. Árangur í samræmdum prófum virðist fara hækkandi og fram kemur í Þjónustukönnun Gallups 2017 að 92% þeirra sem þar tóku afstöðu séu ánægðir með þjónustu grunnskóla sveitafélagsins

[https://www.ellidi.is/is/frett/2018/01/04/thjonustu\\_konnun\\_gallup\\_2017\\_-\\_fraedslumal](https://www.ellidi.is/is/frett/2018/01/04/thjonustu_konnun_gallup_2017_-_fraedslumal)

Ef það verða tveir skólastjórar í GRV er þá hugsunin að hafa tvo skóla, tvö foreldraráð, tvö foreldrafélög o.s.frv.? Ef þetta felur í sér að GRV skiptist upp í tvær stofnanir þá er margt sem þarf að hafa í huga; samnýting starfsfólks t.d. ritara, samnýting kennara, ráðningasamningar og margt fleira. Er búið að huga að því?

Við viljum því að það verði skýrt hvernig að þessu verði staðið og að rökin fyrir ákvörðuninni verði skýr og að þau verði kynnt öllu starfsfólki og foreldrum nemenda í GRV. Það þarf að skoða þörfina og hver áætlaður ávinningurinn er. Við förum því fram á að þetta verði skoðað rækilega frá öllum hliðum og öllum steinum velt við.

Fyrirspurn um að skólinn byrji seinna á morgnana.

## **2. mál - Skólapúlsinn**

### **Skólapúlsinn líðan nemenda, einelti, bekkjarandi o. fl. – mælingar í september, október og desember.**

Farið yfir desember-tölur úr skólapúlsinum.

Virgni nemenda: Ánægja af lestri getur meðal annars litast af námsefni hvers tíma.

Hér í GRV getur það einnig haft eitthvað að segja að við leggjum mikla áherslu á lestur og fylgjum heimalestri eftir út alla skólagönguna. Þar af leiðandi hafa nemendur hér annað álit á lestri, þetta er eitthvað sem þeir þurfa að standa skil á. Í öðrum mörgum öðrum skólum er ekki þessi mikla áhersla á lestur á unglingsstigi og heimalestri er ekki fylgt eftir á því stigi, þar af leiðandi er ánægjan af lestrinum önnur (það fylgist enginn með því hvort þú lesir eður ei).

Líðan og heilsa: Einelti í kennslustundum stundum falið, gerandinn veit ekki alltaf að hann sé að leggja í einelti. Getur gerst fyrir framan kennarann án þess að hann taki eftir því. Gerist líka þegar kennarinn er ekki í kennslustundinni.

Skóli og bekkjarandi:

## **3. mál - Aukin viðvera Félagsfræðings**

Skólafélagsráðgjafar með fastan tíma í janúar, verður metið eftir þann tíma.

## **4. Fyrirhugað teymi - Skóli án aðgreiningar**

Innleiðing í GRV hafin. Á eftir að mynda teymið. Skilgreining mismunandi eftir skólaárum, fer eftir þörfinni hver ár.

*Næsti fundur.*

Fundi slitið klukkan 12:19